

Samráðsáætlun

vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey Breiðafirði, Reykhólahrepp

Forsendur

Friðlandið Flatey var fyrst friðlýst árið 1975 með auglýsingu nr. 395/1975. Árið 2021 var friðlýsingin endurskoðuð og friðlandið stækkað með auglýsingu nr. 955/2021. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstætt og fjölbreytt lífríki svæðisins og búsvæði fugla, einkum varpsvæði fágætra fuglategunda. Friðlandið hefur hátt vísinda- og fræðslugildi og er vel þekkt á meðal vísindamanna og fuglaáhugafólks. Markmið með friðlýsingunni er einnig að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins, með áherslu á búsvæði og afkomu varpfugla og að tryggja fræðslu um fuglalífið í eynni og nágrenni. Friðlandið er 1,62 km² að flatarmáli.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði.

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Flatey sitja:

- Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun
- Edda Kristín Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun
- Hafsteinn Guðmundsson, íbúi í Flatey
- Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur
- María Gestsdóttir, Framfarafélag Flateyjar
- Svava Sigurðardóttir, Framfarafélag Flateyjar

Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Aðgerðaráætlun til þriggja ára verður unnin samhliða. Heimilt er að endurskoða áætlunina, verði þess þörf. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verði lokið á fyrrihluta árs 2023.

Í áður nefndri stefnumótun er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](#).

Samráðsaðilar

Við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar er lögð mikil áhersla á samráð og vinnur samstarfshópurinn greiningu á þeim aðilum sem gætu átt hagsmuna að gæta eða búið yfir sértækri þekkingar innan friðlýsta svæðisins.

Þeir aðilar sem verða upplýstir og/eða óskað hafa eftir frekara samráði vegna vinnslu áætlunarinnar eru eftirtaldir:

- AECO: The Association of Arctic Expedition Cruise Operators
- Björgunarsveitin Heimamenn
- Björgunarsveitin Berserkir
- Breiðafjarðanefnd
- Cruise Iceland
- Eyjaróður ehf.
- Ferðafélag Íslands
- Ferðafélagið Útivist
- Ferðamálasamtök Vesturlands
- Ferðamálastofa
- Fiskistofa
- Flateyjaveitur
- Flugmálafélag Íslands
- Framfarafélag Flateyjar
- Fuglavernd
- Hafrannsóknarstofnun
- Háskólasetur Snæfellsness
- Hótel Flatey
- Landgræðslan
- Landvernd
- Matvælaráðuneyti
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Vesturlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Norðurflug
- Reykhólahreppur
- Ríkiseignir
- Samgöngustofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Skotvís
- Skógræktin
- Stykkishólmsbær
- Svanhildur Jónsdóttir, Krákuvör
- Sæferðir
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
- Vegagerðin

- Þrísker ehf.
- Ævar Petersen